

GLUGGAR OG GLER

LAUGARDAGUR 13. SEPTEMBER 2014

Kynningarblað Gluggar ehf, Kjarnagluggar og steindir gluggar



1



2



3



1. Leifur Breiðfjörð notar að mestu hvítt gler með gráum, svörtum og rauðum litum í Bústaðakirkju. 2. Steindir gluggar Gerðar Helgadóttur skapa dulrænt andrúmsloft með bláum og rauðum litatönnum í Kópavogskirkju. 3. Börn í Kárnesskóla hafa unnið falleg myndverk úr steindum gluggum Gerðar Helgadóttur sem nú hanga uppi í Kópavogskirkju. MYNDIR/GVA

Gígja Rós Þórarinsdóttir.

Heilagur ljómi og náðarbirta

BA-ritgerð Gígju Rósar Þórarinsdóttur í listfræði við Háskóla Íslands fjallar um samband byggingarlistar og steindra glugga í Kópavogskirkju og Bústaðakirkju. Hún segir samvinnu listamanna og arkitekta mikilvæga við gluggagerðina.

Steindir gluggar voru upphaflega notaðir til að upplýsa ólæsan almennig um guðspjöllin en sýna margir í dag óhlutbundna og huglæga tjáningu þar sem einblínt er á túlkun hins æðra með formum, litum og birtu," segir Gígja um steinda glugga sem gegndu stóru hlutverki í trúboði kirkjunnar.

„Birta glugganna þótti svo máttug að hún hefur verið talin geta gefið fólki tilfinningu fyrir því hvernig væri að vera undir náðarbirtu Guðs.“

Dulrænt andrúmsloft

Gígja valdi í námi sínu í listfræði að skoða samband byggingarlistar og steindra glugga í Kópavogskirkju og Bústaðakirkju.

„Ég valdi þessar tvær kirkjur vegna þess að þær eru mjög ólíkar og sömuleiðis steindu gluggarnir sem skreyta þær. Þau Gerður og Leifur eru ólíkir listamenn, störfuðu á mismunandi tíma og sóttu í ólíkar hefðir," segir Gígja og vísar til Gerðar Helgadóttur myndhöggvara sem skapaði steinda glugga Kópavogskirkju og myndlistarmannsins Leifs Breiðfjörð sem hannaði steinda glugga Bústaðakirkju.

„Margt er ólíkt í nálgun og útfærslu listafólksins. Þannig notaði Gerður mun dekkri liti og er birtan í kirkjunni þar af leiðindi minni. Hún skapar dulrænt andrúmsloft með bláum og rauðum tönnum í anda gömlu gotnesku kirknanna í Frakklandi. Verk Leifs er mun ljósara og notar hann að mestu hvítt gler en

einnig gráan, svartan og rauðan lit. Formin eru líka ólík. Blýlínur glersins í Kópavogskirkju mynda flæðandi hvöss og mjúk form en gler Bústaðakirkju er skreytt með sterkum línum og kröftugum formum," segir Gígja.

Vinnuferli Gerðar og Leifs voru einnig ólík.

„Mikið er til af heimildum þar sem Leifur fjallar um mikilvægi sambands listamanns og arkitekts og hvernig vinna eigi steindan glugga svo vel til takist, en í viðtölum sem tekin voru við Gerði fjallaði hún frekar um glerlistaverk sín sem sjálfstæð listaverk og ekki í samhengi við arkitektúrinn.“

Hluti af heildararkitektúr

Saga steindra glugga á Íslandi hófst

um miðja 20. öld þegar farið var að byggja móðernískar kirkjur.

„Stærri kirkjur kölluðu á stærri myndverk og um leið varð hlutverk listamannsins stærra og færðist meira í það horf að skapa umhverfi kirkjunnar.“

Gígja segir glerlistaverk Gerðar og Leifs bæði mjög stór og vera hluta af arkitektúr kirkjunnar.

„Bæði eru óhefðbundin abstraktverk sem falla ekki endilega undir flokk kirkjulistar. Listamennirnir leggja bæði áherslu á form og línur, að litir skapi sinn eigin heim og að ekki þurfi að réttlæta listaverkið á annan hátt en að vera trúverðug list.“

Samvinnan mikilvæg

Að sögn Gígju þurfa listamenn og

arkitekta að hefja samvinnu um leið og frumdrög að kirkju eru gerð og fá nauðsynlegar upplýsingar hvor hjá öðrum.

„Í námi Leifs var lögð mikil áhersla á samspil glermynda og bygginga og honum kennt að vinna forvinnuna vel með því að kynna sér aðstæður og skoða birtu á mismunandi tímum. Athuga þarf hversu mikla birtu steindir gluggar eiga að gefa og hvort þeir eigi að móta umhverfi kirkjunnar með litavali. Birtan á Íslandi er mun kaldari en á suðlægri slóðum og Leifur notar því heitari liti í glugga hér á landi. Ef glugginn er í sólarátt getur hann hins vegar notað kalda liti og ef það er falletgt útsýni notar Leifur glært gler með því litaða svo að útsýnið njóti sín betur.“



GLUGGAVINIR

ALLAR TEGUNDIR AF GLUGGUM OG HURÐUM
S: 571-0888 • GLUGGAVINIR.IS



SVALALOKANIR OG HANDRIÐ FYRIR SUMARBÚSTAÐI OG EINBÝLISHÚS

Gluggar ehf. bjóða svalalokanir í góðu úrvali. „Við erum með allar gerðir, alveg frá svalaskjólum með einföldu gleri eins algeng eru í blokkum og upp í svalalokanir með tvöföldu gleri, eða allt eftir hvað hentar hverjum og einum best,“ segir Eyþór Jósésson.

Hann getur þess að fyrirtækið selji einnig handrið sem eru sérlega einföld í uppsetningu. „Þetta er eins og mekkano sem skrúfast saman og er því alveg leikandi létt að henda upp,“ segir hann og bendir á www.algluggi.is þar sem frekari upplýsingar eru.



RAFMAGNSKNÚINN OPNUNARBÚNAÐUR FYRIR HURÐIR

Gluggar ehf. selur rafmagnsknúinn opnunarbúnað fyrir bæði inni- og útihurðir frá svissneska framleiðandanum Record. „Þetta er ekkert annað en pumpa sem sett er á hurð og opnar hana inn eða út,“ útskýrir Eyþór Jósésson og getur þess að hægt sé að bæta við sérstökum takka sem þrýst er á til að opna hurðina. „Svo seljum við líka rafmagnsknúinn rennihurðabúnað eins og flestir þekkja úr bönkum, skólum og elliheimilum, sem hægt er tengja hússtjórnarkerfi húsa og skrá inn opnunartíma og svo framvegis.“



PK arkitektar eiga heiðurinn að þessu glæsilega einbýlishúsi og Gluggar ehf. að gluggum og rennihurðum.



Geststofa á Skriðuklaustri úr smiðju Arkís. Gluggar og hurðir frá Gluggum ehf. MYNDRAFN SIG

Sérsniðnar lausnir í íbúðir, einbýli og sumarbústaði

Gluggar ehf. bjóða gott úrval sérsniðinna lausna úr álprófilum fyrir íbúðir, einbýli og sumarbústaði. Fyrirtækið vinnur að því að fá CE vottun á allar sínar vörur.

Allt er í boði og það er kannski eina vandamálið. Úrvalið er hreint ótrúlegt. Alveg frá pínulitlum og upp í hrikalega stóra glugga og hurðir, sem má ýmist opna út, inn eða renna til hliðar. Við bjóðum allar útfærslur,“ segir Eyþór Jósésson, einna eigenda Glugga ehf. að Kaldbaksgötu 1 á Akureyri, sem sérhæfir sig í fjölbreyttri framleiðslu og sölu á álguggum, -hurðum, -veggjaeiningum og -svalalokunum ásamt fleiru.

Gluggar ehf. bjóða meðal annars upp á sérsniðnar lausnir fyrir einstaklinga um land allt sem Eyþór segir henta jafnt í íbúðir, einbýlishús, sumarbústaði og jafn vel í bátinn ef svo ber við. „Við tökum að okkur öll verkefni, lítil sem stór, hvort sem til stendur að útvega eina hurð eða glugga eða klára stórt verkefni frá upphafi til enda,“ lýsir hann.

Að sögn Eyþórs hafa timburgluggar og -hurðir notið vinsælda gegnum árin en síðasta áratuginn eða svo hafi orðið breyting þar á. „Menn fóru að átta sig á því hversu dýrt og tímafrekt er að viðhalda

timburgluggum. Leitinn að sterku og viðhaldslitlu eða -frú efni hefur leitt til þess að menn hafa í auknum mæli snúið sér að áli,“ bendir hann á. „Þannig að tímaeyðsla og kostnaður við viðhald timburglugga er í raun farin að selja álguggana fyrir okkur.“

Gluggar ehf. bjóða aragrúa lausna í áli og áltimbri, eins og áður sagði. Beðinn um að lýsa helsta muninum á þessu tvennu, segir Eyþór álgugga og hurðir vera ál bæði að utan og innan með rofinni kuldabru á milli, en áltimburgluggar séu timbur að innanverðu og ál að utanverðu. „Álið er með innbrenndri lakkhúð og rafmeðhöndlað,“ tekur hann líka fram.

Einn helsta kostinn við ál segir Eyþór vera hversu vel það þolir íslenskar aðstæður í öllum sínum margbreytileika og síbreytilegt veðurfarid.

„Í nýrri byggingarreglugerð árið 2012 eru gerðar auknar kröfur um að allir gluggar þoli 1.100 Pascal vind- og vatnsþrýsting hér á landi og þetta atriði ætti fólk að hafa í huga þegar það velur fram-



Sundlaug var tekin í notkun á Hofsi í Skagafirði fyrir tveimur árum. Basalt Arkitektar hönnuðu hana. Gluggar ehf. höfðu umsjón með gluggum, hurðum og fleiru.

leiðanda að hurðum og gluggum í húsið sitt,“ segir hann og getur þess að mikið af vöru erlendis sé kannski bara prófuð fyrir 600 Pascal þrýsting.

„Gluggar ehf. er fyrsta íslenska glugga framleiðslufyrirtækið sem fór af stað í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands að fá allar

sínar framleiðsluvörur CE vottaðar eins og krafist er í íslenskri byggingareglugerð. Áltimburgluggar eru þegar CE vottaðir og álguggar fá vottun í marslok,“ segir hann og vísar loks á heimasíðu fyrirtækisins á slóðinni www.algluggi.is þar sem skoða má úrvalið og afla sér frekari upplýsinga.

Einbýlishús við Eyjafjörð

Við Sólseyjarinn

- Gluggar
- Hurðir
- Rennihurðir
- Handrið
- Sólskálar
- Svalalokanir

Álið er málið ...

... fyrir einbýlið, fjölbýlið, sumarbústaðinn, skrifstofuna - við höfum lausnina.

GLUGGAR

464 9500 ▶ algluggi.is

Hlíðarskóli

Heiðarskóli

Á Akureyri

Menningarhúsið á Dalvík



Smári Kristófersson, smiður hjá Kjarnagluggum, við vinnu sína.

MYND/VALLI



Halldór Hreinsson hjá Kjarnagluggum með glugga í glugga, þ.e. nýr gluggi er settur í gamlan trékarm.

Viðhaldsfrír plastgluggar fyrir þá sem gera gæðakröfur

Kjarnagluggar kynna nýjung á markaðnum þar sem nýir plastgluggar eru settir í gamlan trékarm. Gluggi í glugga er góður kostur hvað varðar kostnað þegar endurnýja þarf gömlu gluggana. Gluggarnir hafa góða einangrun og eru úr vönduðu PVC-U plastefni.

Fyrirtækið Kjarnagluggar hefur framleitt vandaða glugga frá árinu 1988 og hefur fylgt ströngustu kröfum hvað varðar alla meðhöndlun og samsetningu. Efnið kemur frá REHAU í Þýskalandi sem er framarlega í framleiðslu plastefna til byggingariðnaðar. Gluggarnir eru allir úr PVC-U plastefni sem hefur reynst afar vel.

Halldór Hreinsson er framkvæmdastjóri og eigandi Kjarnaglugga. Hann segir að marghólfður prófíll geri það að verkum að gluggarnir hafi góða einangrun og nýtist því sem hljóðeinangrun. Það hent sérlega vel við fjölfarnar umferðargötur eða þar sem önnur hávaðamengun er.

„Mikil aukning hefur orðið í notkun plastglugga og hurða í einbýlis- og raðhúsum en endingin er margfalt meiri heldur en þar sem trégluggar eru notaðir. Þar utan losna íbúðareigendur við viðhald og málningargöngu. Halldór segir að sumarbústaðaeigendur hafi í auknum mæli valið plastglugga frá Kjarnagluggum og sömuleiðis eigendur eldri húsa.

Þessir gluggar hafa verið mikið notaðir í fyrirtækjum þar sem gerðar eru miklar kröfur um hreinlæti svo sem í matvælaframleiðslu. Einnig hafa Kjarnagluggar smíðað glugga fyrir nútíma tölvustýrð fjós.

Hér sést vel hvernig þverskurður lítur út þegar nýr gluggi er settur í gamlan trékarm.



PVC-U plastefnið stenst fullkomlega alla staðla sem gerðir eru til glugga hérlendis og uppfyllir ströngustu gæðakröfur. „Við höfum notað þessa glugga í allar tegundir bygginga, hvort sem um ræðir íbúðarhús, iðnaðarhúsnæði eða útihús. Vegna þess hversu einangrunargildið er gott getur það lækkað hitunarkostnað hússins umtalsvert.

Hvít er aðalliturinn hjá Kjarnagluggum en ef viðskiptavinurinn óskar eftir öðrum litum er orðið við því. „REHAU er eitt stærsta fyrirtæki í Evrópu í framleiðslu plastefna og er leiðandi á því sviði,“ segir Halldór. „Gluggar frá okkur eru því gæðavara úr hágæða efni. Í margbreytilegu veðurfari eins og hér á landi þarf glugginn að standast álagið. Varan þarf að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um einangrunargildi. Lamir og lokunarþúnaður á að vera ryðfrír og þola þetta álag. Við leggjum metnað okkur í að fylgja öllum slíkum kröfum og höfum hagsmuni viðskiptavina okkar í forgangi,“ segir Halldór.

Gluggi í glugga

Gluggi í glugga er nýjung hjá Kjarnagluggum sem hefur verið vel tekið. Hægt er að spara mikinn vinnukostnað með því að setja PVCu plastgluggann í glerfalsið á gamla tréglugganum. Fjar-



Húsnæði Kjarnaglugga við Selhelli 13 í Hafnarfirði.

lægja þarf gamla pósta en karmurinn er látinn standa. Síðan er nýi glugginn látinn setjast í glerfalsið á gamla glugganum. Það sem stendur útaf á gamla karminum að utanverðu er klætt með veðurkápu og þétt með kitti í kringum gluggann og eftir stendur nýr viðhaldsfrír gluggi. Gluggi í glugga er góður kostur hvað varðar kostnað þegar endurnýja þarf gömlu gluggana.

Gott að hafa í huga:

Gluggarnir eru framleiddir úr PVC-efni sem upplitast ekki og

þolir sólarljós. Öll opnanleg fög eru yfirfelld með tvöfaldrum þéttingu, ryðfríum lömum og tveggja punkta læsingu.

Glerið í glugganum frá Kjarnagluggum ehf. er 28 mm að heildarþykkt sem gerir alla einangrun mun meiri, hvort heldur sem er í föstum glugga eða opnanlegu fagi. Öll opnanleg fög eru auðveld í meðhöndlun.

Hægt er að fá gluggana í ýmsum stærðum og gerðum, allt eftir þörfum viðskiptavinarins. Hægt er að velja um glerjun á gluggum jafnt að utan sem innan.


Öll opnanleg fög á gluggum hafa næturofnun og læsingu á húnnum sem gerir það að verki að illmögulegt er að spennast á upp.

Hvar erum við?

Kjarnagluggar eru staðsettir í Selhelli 13 í Hafnarfirði. „Við erum ávallt reiðubúnir að veita faglega ráðgjöf þegar kemur að gluggaskiptum eða aðstoða við úrvinnslu verkefna,“ segir Halldór.

Kjarnagluggar ehf., Selhelli 13, 221 Hafnarfirði, sími 554 2800.

Netfang: gluggar@kjarnagluggar.is
Heimasíða: kjarnagluggar.is



NOTAGILDID HEFUR AUKIST

Á undanförunum árum hefur notagildi glers aukist til muna og það er notað á fjölbreyttari hátt en áður tíðkaðist. Færst hefur í vöxt að nota gler í stigahandrið og jafnvel tröppurnar líka. Hert gler er notað í handriðið og það setur skemmtilegan, nútímalegan og léttan svip á umhverfið.

Gler hefur sömuleiðis verið notað í vegg innanhúss, rennihurðir og til að loka af sturtuklefa. Notkunarmöguleikar glers eru margvíslegir. Glerborð hafa lengi þekkt og sumir setja glerplötu yfir venjulegt borðstofuborð til að breyta svip þess.

Á sumum nýbyggðum eða nýuppgerðum hótélherbergjum er baðherbergið með glerveggjum. Einkum er þetta gert í litlum hótélherbergjum en glerið stækkar rýmið og gerir það bjartara.



GLUGGAR VORU UPPHAFLEGA AÐEINS GÖT

Fyrstu vísar að gluggum voru göt í veggjum. Síðar var farið að hylja götin með dýraskinni, klæði og víði. Viðarhlerar sem hægt var að opna og loka komu síðar.

Með tímanum var farið að búa til glugga sem skýldu íbúum fyrir veðri og vindum en hleyptu jafnframt birtu í gegn. Gerðar voru ýmsar tilraunir með efnivið og eru meðal annars dæmi um að notuð hafi verið dýrahorn og marmari til að hylja gluggaop.

Í Austurlöndum fjær var notaður pappír til að fylla upp í glugga. Rómverjar í Egyptalandi voru fyrstir til að nota gler í glugga um 100 árum eftir Krist. Það liðu þó yfir þúsund ár þar til gluggaglerið var orðið það gott að hægt var að sjá í gegnum það.

RISASTÓR GLERBYGGING

Crystal Palace í London var byggð úr járni og gleri fyrir The Great Exhibition árið 1851. Höllin var 92 þúsund fermetrar og var þar sýnt allt hið nýjasta í tækni sem þróað var á dögum iðnbyltingarinnar.

Byggingin, sem hönnuð var af Joseph Paxton, var 564 metra löng og lofthæðin var upp á 39 metra. Á þeim tíma var Crystal Palace sú bygging sem hvað mest gler var notað í og heillaði hún áhorfendur með sínum gegnsæju veggjum og þaki. Engar ljósakrónur þurfti í bygginguna, sem eyðilagðist í bruna árið 1936.

Nafnið Crystal Palace er enn í dag notað til að auðkenna þann hluta af Suður-London sem höllin stóð á og garðinn sem umkringir staðinn. Heimavöllur knattspyrnuliðsins Crystal Palace er í garðinum og er liðið kennt við bygginguna.



Ultraflex gluggaopnarar

Ultraflex gluggaopnarar eru auðveldir í uppsetningu og henta fyrir glugga í mismunandi hæð. Fjöldi lausna er í boði fyrir flestar gerðir glugga.



UCS VEGA 230V

Mjög nettur rafknúinn gluggaopnari úr áli, drifinn keðju úr ryðfríu stáli, sérlega auðveldur í uppsetningu. Hentar vel fyrir glugga með gardinum. Átakið er staðsett í miðju opnarans. Fáanlegur með og án fjarstýringar. UCS 230 V, 230V 24 VDC, 300 mm stöðluð opnun.



UCS KEÐJUOPNARI

Handknúinn gluggaopnari með keðju og sveif sem hentar jafnt fyrir glugga með lamir að neðanverðu sem ofanverðu og hátt upp í opnanleg fög. Á stóra glugga er möguleiki að nota tvo opnara. Auðvelt er að komast að þrifum.



UCS SINTESI 230V

Rafknúinn öflugur gluggaopnari, keðjudrifinn, einfaldur í uppsetningu, auðvelt að komast að þrifum. UCS 230 V, 250 mm eða 380 mm opnun.

